

**Sþ.**

**442. Nefndarálit**

[51. mál<sup>2</sup>]

um till. til þál. um jafnrétti þegnanna í íslensku þjóðfélagi.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna á mörgum fundum og varð ekki sammála um afgreiðslu. Minni hluti nefndarinnar, sem að þessu álit stendur, sér ekki ástæðu til að skora á ríkisstjórnina að heita sér fyrir sérstakri rannsókn á því, sem nefnt er jafnrétti þegnanna í tillögunni, enda þótt taka megj undir það, sem í greinargerð till. stendur: „Hins vegar væri fróðlegt, að þetta viðfangsefni yrði kann- að gaumgæfilega ...“ Mörg eru þau viðfangsefni í þjóðfélagi okkar, sem fróðlegt væri að kanna. Vætanlega yrði skipuð nefnd til að rannsaka það efni, sem til- lagan fjallar um, ef samþykkt yrði. Langt er síðan nefndir þóttu nægjanlega margar á opinberum vettvangi, misjafnlega starfsamar.

Sífelld er unnið í löggjöf og stjórnsýslu að jafnrétti þegnanna. Greinargerð til- lögunnar ber með sér, að ýmsir hópar hafa verið athugaðir út frá skiptingu milli kynja, t. d. í skólum og nokkrum starfsgreinum. Ágætt er að sjá slíkar upplýsingar. Hitt mætti meir telja vafa, hverjar upplýsingar um jafnrétti þær gefa. Frá sköpun heims virðist um nokkra grundvallarskiptingu ætlunarverka hafa verið að ræða milli karla og kvenna, og hefur Alþingi ekki farið inn á þær brautir að reyna að hafa þar áhrif á, en á hinn bóginn viljað stuðla að sem fyllstu jafnrétti milli kynja og með þegnunum yfir höfuð.

Með skirskotum til framanritaðs telur minni hl. nefndarinnar ekki ástæðu til, að Alþingi samþ. tillögu þessa, en vill eftir atvikum leggja til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 1. marz 1971.

Jónas Pétursson,  
fundaskr., frsm.

Friðjón Þórðarson.

Ásm. B. Olsen.